

**Starfshópur um endurskoðun kosningalaga**  
**3. fundur þriðjudaginn 8. janúar 2019 kl. 9**  
**Nefndasvið Alþingis**

**FUNDARGERÐ**

**Mætt:** Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHÞ). Einnig sátu fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG).

**Fundargerð:** Laufey Helga Guðmundsdóttir.

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Samþykkt.

**2. Ábendingar um kosningalöggjöf sem borist hafa eftir að fyrri vinnuhópur lauk störfum.**

Farið yfir ábendingaskjal sem nefndarmönnum var sent fyrir fundinn. Margar ábendinganna snúa að mikilvægi fræðslu til kjósenda, þjálfunar og samræmingu milli kjörstjórna. Samþykkt að leggja til í frumvarpi sérstaka leiðbeiningar- og fræðsluskyldu landskjörstjórnar.

*Hæfniskröfur fyrir kjörstjórnarmenn.* Rætt um hvort kjörstjórnarmenn ættu að undirgangast sérstakt námskeið. Kostur að fólk hafi fjölbreyttan bakgrunn en ljóst að það skortir viðvarandi stuðning við kjörstjórnir m.a. til að tryggja að kunnátta og þjálfun flytjist milli kjörstjórna þegar endurnýjun verður í hópnum. Ef landskjörstjórn verður gerð að miðlægu stjórnvaldi með fasta starfsemi og útgáfu leiðbeininga getur það skipt miklu máli ef mannskipti verða tíð. Til dæmis gott ef nýir kjörstjórnarmenn geti gengið að einhvers konar handbók um verkefni kjörstjórna. Með þessu næðist einnig samræming fyrir allt landið. Skoða betur á síðari stigum frekari hæfniskröfur fyrir utan námskeið og þjálfun.

*Mat á gildi atkvæða.* Hér á landi hafa menn teygt sig mjög í átt að vilja kjósenda. Í Noregi eru öll atkvæði ógild nema þegar það er x í viðeigandi reit. Þarf að taka þetta mál upp við samráðsnefnd þingflokka og fara ítarlega yfir þau dæmi sem hafa komið upp.

*Kærur til lögreglustjóra.* Álitaefni kemur upp vegna atviks í alþingiskosningum 2017 (Norðvesturkjördæmi). Umboðsmenn Flokks fólksins gerðu athugasemdir við að formaður Samfylkingar greiddi atkvæði með því að taka barn sitt með inn í kjörklefann. Kærðu það til lögreglu en enn er ekki kominn niðurstaða í það mál. Í alþingiskosningum 2013 bauð frambjóðandi sig fram í tveimur kjördæmum fyrir sama flokkinn. Formsins vegna var það kært til lögreglu en málið var látið niður falla enda var það ekki ásetningur af hálfu frambjóðenda að bjóða sig fram í tveimur kjördæmum, heldur mistök

flokksins. Rætt um hvort kveða ætti á um að skýrslutaka hjá lögreglu fari fram eins fljótt og auðið er. Skoða betur fyrirmyndir erlendis og ræða síðar.

*Frambjóðandi fellur frá.* Frambjóðandi andast eftir auglýsingu framboða en aðstandendur vilja ekki gera neinar breytingar á lista. Rætt um hvort ekki sé hægt ganga út frá því að það sé lýðræðislegur vilji fólks að geta kosið fólk sem er lifandi. Umræða um hvernig best sé að nálgast málið og eftir hvaða tímapiunkt ekki sé hægt að gera breytingar, t.d. eftir prentun kjörseðla. Getur verið ákveðinn tímapiunktur þar sem ákveðinn ómöguleiki er til staðar. Ætti að bæta manni inn í stað hins látna eða ætti að slaka á kröfum um að það sé tvöfaldur fjöldi frambjóðenda á lista? Ákveðið að skoða málið betur og kanna fyrirkomulag þessara mála á Norðurlöndum. Mætti hugsa sér að engar breytingar verði gerðar á framboðslista nema fella niður nafn hins látna og aðrir frambjóðendur færðust upp um listann.

*Gildissvið persónuverndarlaga.* Rætt um hvort taka eigi fram að persónuverndarlög gildi um framkvæmd kosninga (í tillögum frá 2016 er að finna lagabreytingatillögu um gildissvið upplýsingalaga og stjórnisýslulaga gagnvart kosningalögum). Kíkja á athugasemd ÖSE vegna finnsku kosninganna varðandi gildissvið persónuverndarlaga. Ákveðið að fá álit Persónuverndar vegna þessa. Aðalatriðið að hafa þetta skýrt. Gæti verið hlutverk landskjörstjórnar að sjá til þess að skilyrðum persónuverndarlaga sé fylgt. Kosningalögum var ekki breytt með bandorminum sem fylgdu nýju persónuverndarlögunum.

*Aðgangur að gerðabókum og kjörgögnum.* Eðlilegt að taka af skarið með þetta með sérstöku lagaákvæði.

*Tilgreina starfsheiti frambjóðenda á framboðslista.* Mörgum þykir þessi tilgreining gamaldags en aðrir benda á að þetta sé þáttur í öruggri auðkenningu frambjóðenda. Kennitala er alltaf birt í auglýsingu framboða líka. Frambjóðendur hafa viljað auðkenna sig með auðveldum hætti og þekktir einstaklingar vilja nota starfsheitið til að auðkenna sig enn frekar. Rætt um hvort þetta gæti verið valkvætt. Ljóst að með einhverju móti þarf að aðgreina menn en tilganginum kannski ekki náð þó að menn noti starfsheiti, t.d. margir nemar á framboðslistum. Athuga að nú hafa tekið gildi ný lög um lögheimili og þarf að skoða reglur um skráningu lögheimilis frambjóðenda vegna þess.

*Framboð - meðmælendalistar.* Eðlilegt að taka af skarið í lögunum um hvort frambjóðandi geti einnig verið meðmælandi lista, hvort frambjóðandi á einum lista geti mælt með öðrum lista og hvort kjörstjórnarmönnum sé heimilt að mæla með lista. Einnig þarf lagaheimild svo framboð geti sent meðmælendalista inn í tölvupósti.

*Aðstoð við þroskahamlaða.* Rætt um athugasemdir sem hafa borist vegna framkvæmdar síðustu kosninga og þá gagnrýni að eingöngu sé hægt að fá aðstoð ef hönd manna er ónothæf eða vegna sjónleysis. Í skýrslu fyrri vinnuhóps (bls. 36) kemur fram það mat hagsmunaaðila að fyrri breytingar á ákvæðinu hafi ekki gengið nægilega langt. Ákveðið að ræða við samráðsnefnd

Þingflokka en kalla einnig eftir frekari álitni sérfróðra. Senda erindi á Blindrafélagið en þau hafa bent á ýmis atriði um framkvæmd laganna er snúa að blindum og Fjólu, félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu (starfshópurinn hefur þegar sent erindi á Proskahjálpi og Öryrkjabandalagið). *Útstríkanir við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.* Ef atkvæðaseðlar verða tilbúnir fyrir utankjörfundaratkvæðagreiðslu leysist þetta mál. En þarf að skoða betur því kjörseðlar miklir að vöxtum. Tengist einnig mati á gildi atkvæða.

### **3. Uppsetning heildarlöggjafar um kosningar.**

Vinnuskjal með kaflaskiptingu finnska, norskra og sænskra kosningalaga skoðað. Finnsk kosningalög eru byggð upp í þremur hlutum. I. hluti fjallar um sameiginleg ákvæði sem gilda um allar kosningar. II. hluti inniheldur sérstaka kafla um hverjar kosningar fyrir sig; þingkosningar, forsetakosningar, sveitarstjórnarkosningar og kosningar til Evrópuþings. III. hluti fjallar um ýmis ákvæði. Hver hluti laganna skiptist svo í nokkra kafla. Norsku og sænsku kosningalögin eru byggð upp eftir tímalínu einstakra efnisþátta (kosningaréttur og kjörgengi, kosningayfirvöld, framboð atkvæðagreiðsla utan kjörfundar, kjördagur, talning, úthlutun sæta og kærur). Ákvæðin eru oftast samþætt og eiga við um allar kosningar nema á stöku stað er tiltekið í ákvæðinu sjálfu ef sérreglur gilda um hverjar kosningar fyrir sig og þá hvaða. Rætt um að huga þurfi að því fyrir hvern kosningalöggjöfin er, en það eru helst þeir sem þurfa að framkvæma kosningar og frambjóðendur sem nota löggjöfina. Nefndarmenn ýmist hrifnari af finnsku eða norsku leiðinni. Verkefni fyrir næsta fund verður að prófa uppsetningu efnisákvæða með hliðsjón af báðum leiðum.

### **4. Fyrsti fundur samráðsfundar þingflokka.**

Stefnt að fundi að viku liðinni, mánudaginn 14. janúar 2019 kl. 13.30. Fundurinn verður til kynningar, svipaður fundur og fyrsti fundur starfshópsins. Nefndarmönnum eftirlátið að meta sjálfir hvort þeir taki þátt í fundinum.

**Fundi slitið kl. 10.35.**